



STRANDABYGGÐ

STARFSÁÆTLUN 2019

Inngangur

Fjárhagsáætlun Strandabyggðar birtist nú með ögn breyttu sniði en áður. Nú er farin sú leið, að sameina í eitt skjal, umfjöllun um tilgang fjárhagsáætlunar, forsendur og áherslur. Þessu skjali er þannig ætlað að sameina á einum stað það sem hver og einn sveitarstjórnarmaður, forstöðumaður eða starfsmaður Strandabyggðar, þarf að hafa í huga við innleiðingu aðgerða og ráðstöfun fjármagns sveitarfélagsins.

Tilgangur

Tilgangur fjárhagsáætlunarinnar er að vera leiðarvísir um aðgerðir, áherslur og markmið. Það sem ekki kemur fram í fjárhagsáætluninni, er því í raun ekki til sem fjárhæð til ráðstöfunar og þarf því að ræða sérstaklega, sé framkvæmd viðkomandi aðgerða nauðsynleg. Fjárhagsáætlunin er bindandi fjárhagsrammi og er þannig eitt mikilvægasta stjórnæki sveitarfélagsins á hverjum tíma.

Fjárhagsáætlun Strandabyggðar er í tveimur hlutum. Annars vegar er þar um að ræða greinargerð og hins vegar tölulegan hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans. Árið 2017 skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu hjá Strandabyggð um tæpar 4 milljónir. Áætlun 2019 gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í lok árs 2019 um 10,9 milljónir króna.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir eftirfarandi kostnaðar- og tekjuliðum:

- Útsvar verði óbreytt 14,52%
- Álagningarprósenta fasteignaskatts og holræsa- og vatnsgjalds verði óbreytt frá árinu 2018.
- Sorpgjöld hækka um 8% árlega til að mæta kostnaði við rekstur sorphreinsunar.
- Gjöld vegna húsaleigu á félagslegu húsnæði og íbúðarhúsnæði og gjöld vegna skipulags og byggingargjalda eru bundin vísitölu og hækka samkvæmt því.
- Önnur gjaldskrá hækkar um 3,5% til að mæta verðlagsþróun en breyting verður gerð á gjaldskrá í Íþróttamiðstöð og hún aðlöguð aðstöðu og áherslum á lýðheilsu. Munu því árskort lækka og stök gjöld hækka, er með því hvatt til reglulegrar heilsuræktar. Tjaldsvæðagjöld hækka einnig til að mæta hækkun á gistináttaskatti m.a.
- Gert er ráð fyrir kjarahækkunum á árinu og samningar lausir hjá almennum launþegum og háskólamenntuðum. Gert er ráð fyrir um 3,5% hækkun.

Framkvæmdir á næstu árum:

- **Endurbætur og viðhald Íþróttamiðstöðvar.** Ástand íþróttamiðstöðvar kallar á verulegar fjárhæðir árlega næstu árin, til að byggja upp og bæta ástand mannvirkis, tækja, og búnaðar, þannig að viðeigandi þjónustustig náist að nýju.
- **Hitaveita.** Gera má ráð fyrir talsverðum kostnaði á næstu árum vegna hugsanlegrar uppbyggingar hitaveitu í Strandabyggð

- **Skipulagsmál og Umhverfisátak.** Umhverfisátaki í Strandabyggð hefur verið hrundið af stað og mun það fela í sér árlegan, breytilegan kostnað fyrir sveitarfélagið á kjörtímabilinu. Einnig verður áfram lögð áhersla á hönnun á opnum svæðum.
- **Fræðslumál.** Gert er ráð fyrir hönnun og lóðavinnu á leikskóla og áframhaldandi viðhaldi á skólahúsnæði m.a er reiknað með hönnun á nýjum starfsmannainngangi skóla og byggingu hans.
- **Götur.** Gert er ráð fyrir yfirlögn á götur á árinu og á næstu árum er stefnt á að vinna götur sem ekki eru með slitlag.
- **Atvinnumál.** Gert er ráð fyrir byggingu nýrrar réttar í Staðardal.

Innleiðing fjárhagsáætlunar:

Helstu áherslur sveitarstjórnar við innleiðingu fjárhagsáætlunar eru:

- Aukin áhersla á verkefnastjórnun og markvisst utanumhald verkefna
- Aukið eftirlit með fjárhag einstakra sviða
- Opnari stjórnsýsla, þar sem íbúum gefst færi á að fylgjast betur með framkvæmdum og þróun verkefna
- Gagnsæi í meðhöndlun mála og umræðu sveitarstjórnar. Aukin áhersla er á upplýsingamiðlun til íbúa í gegn um birtingu forstöðumannaskýrsla og ítarlegri fundargerða.

Forsendur árangurs:

Þessi fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins gangi hnökralaust fyrir sig að mestu. Við vitum þó að það er ekki sjálfgefið en helstu forsendur árangurs eru að öðru leyti:

- Óbreyttur tekjugrunnur hvað útsvarsgreiðslur varðar
- Lítil skerðing greiðslna frá Jöfnunarsjóði
- Stöðugar eða vaxandi tekjur af umsvifum hafnarinnar
- Áframhaldandi sókn ferðamanna til Strandabyggðar
- Frekari uppbygging Strandabyggðar sem ferðamannastaðar og þjónustukjarna svæðisins.

Í eftirfarandi köflum er farið ítarlega í tekju og gjaldaliði einstakra sviða Strandabyggðar. Að auki eru settar fram mikilvægar upplýsingar um skipan nefnda og helstu verkefni eða málaflokka.

01-Tekjur

Undir þennan málaflokk fellur eftirfarandi: Útsvarstekjur, fasteignagjöld og tekjur Jöfnunarsjóðs og lóðarleiga tengd fasteignagjöldum. Útsvarstekjur byggjast á staðgreiðsluáætlun Sambands sveitarfélaga. Fasteignagjöld breytast samkvæmt fasteignamati og tölum frá Hagstofunni og tekjur Jöfnunarsjóðs eru áætlaðar skv. reiknilíkani frá Jöfnunarsjóði. Þó er lagt mat á stöðuna hvert ár og hvað sé framundan.

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Útsvar	-250.000.000	-240.000.000	-225.847.000
Fasteignagjöld	-30.900.000	-30.481.000	-29.033.000
Jöfnunarsjóður	-240.000.000	-233.200.000	-240.294.000
Lóðarleiga	-6.100.000	-6.300.000	-6.009.000
Samtals:	-280.900.000 kr.	-270.481.000 kr.	-254.880.000 kr.

02-Velferðarmál

Undir þennan málaflokk fellur: Velferðarnefnd, félagsþjónusta, Félagsleg aðstoð, Barnavernd, Tómsundastarf aldraðra, Félagsþjónusta BsVest, Önnur þjónusta fatlaðra BSvest, Bjargráðasjóður, Orlofssjóður Húsmæðra, Varasjóður viðbótarlána, Áfallateymi Strandabyggðar, Styrktarlínur og auglýsingar.

Velferðarnefnd

Formaður Velferðarnefndar er Jón Gísli jónsson sveitarstjórnarmaður. Aðrir í Velferðarnefnd fyrir Strandabyggð eru: Íris Björg Guðbjartsdóttir. Til vara eru: Björk Ingvarsdóttir og Þröstur Áskelsson. Ráðgert er að nefndin fundi 4 sinnum árið 2019.

Félagsþjónusta (Stranda og Reykhólahrepps)

Strandabyggð rekur Félagsþjónustu Stranda- og Reykhólahrepps í samstarfi við 3 önnur sveitarfélög. Félagsmálastjóri er María Játvarðardóttir og er hún með skrifstofu í húsnæði Strandabyggðar og aðstöðu á Reykhólum. Framlag til Félagsþjónustu hækkar um tæpar 6 milljónir vegna breytinga á reglum um greiðslur vegna liðveislu og aukinnar þjónustu.

Félagsleg aðstoð

Hér falla afsláttir á fasteignagjöldum f. eldra fólk, leikskólagjöldum, fyrir einstæða foreldra og systkinaafsláttir en veittur er 50% afsláttur á vistun fyrir börn einstæðra foreldra í leikskóla, skólaskjóli, tónskóla og fyrir fleiri en 1 barn. Gert er ráð fyrir systkinaafslætti á mat í grunnskóla í þessum lið.

Barnavernd

Barnavernd er unnin í samvinnu við Reykhólahrepp og Húnaþing vestra.

Félagsstarf aldraðra

Félag eldri borgara er með samstarfssamning til ársins 2018 og er greiðsla 170.000 á ári, einnig gert ráð fyrir húsaleigustyrk vegna félagsstarfs í flugstöð og félagsheimili og íþróttastarfs í íþróttahúsi.

Félagsþjónusta Bsvest

Greiðslur til BSvest taka mið af útsvari. Þetta er sameignilegur sjóður sem styður við þá sem mesta þjónustu þurfa samkvæmt SIS mati.

Búseta Bsvest

Húsaleiga er innheimt af Strandabyggð sem er milligönguliður í húsaleigusamningi og niðurgreiðir.

Önnur þjónusta fatlaðra

Gert er ráð fyrir atvinnu með stuðningi og greiðslu launa.

Orlofssjóður húsmæðra

Lögbundið framlag. Ekki hefur þetta framlag verið innheimt undanfarin ár og bankareikningur sjóðsins á kennitölu einstaklings. Það þyrfti að laga áður en gjaldið er greitt.

Áfallateymi Strandabyggðar

Strandabyggð er með Áfallateymi sem skipa María Játvarðardóttir félagsmálastjóri, Anna Guðlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri og Sr. Sigríður Óladóttir sóknarprestur. Gert er ráð fyrir kostnaði hjá teyminu vegna móttöku og fundahalds.

Styrkir

Gert er ráð fyrir húsaleigustyrk í félagsheimili vegna söfnunar til mannúðarmála. Jöfnunarsjóður er með aftektir vegna nokkurra mála þ.e. Vistheimilið Bjarg, Reykjadal og tölvumiðstöðvar fatlaðra m.a.

Heildarniðurstaða velferðarmála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Félagsþjónusta framlag	26.500.000 kr.	21.000.000 kr.	19.037.000 kr.
Velferðarnefnd laun	300.000 kr.	300.000 kr.	276.000 kr.
Áfallateymi	90.000 kr.	90.000 kr.	0 kr.
Félagsleg aðstoð (afslættir)	1.250.000 kr.	1.600.000 kr.	1.459.000 kr.
Barnavernd	270.000 kr.	300.000 kr.	251.000 kr.
Tómstundastarf eldri borgara	675.000 kr.	450.000 kr.	612.000 kr.
Byggðasamlag Vestfjarða	5.100.000 kr.	4.600.000 kr.	-2.211.000 kr.
Búseta BS vest	250.000 kr.	240.000 kr.	250.000 kr.
Atvinna v. skertrar starfsgetu	325.000 kr.	250.000 kr.	304.000 kr.
Húsaleigust. félagsheimili	40.000 kr.	110.000 kr.	-320.000 kr.
Aftektir Jöfnunarsjóðs	200.000 kr.	60.000 kr.	240.000 kr.
Samtals:	35.000.000 kr.	29.000.000 kr.	19.898.000 kr.

03-Heilbrigðismál

Undir þennan málaflokk fellur: Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hólmavík

Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hólmavík

Hér er færð innri leiga en Strandabyggð á hluta í stofnuninni sem er skráð í eignasjóði.

Heildarniðurstaða heilbrigðismála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Heilbrigðismál framlag	1.250.000 kr.	1.190.000 kr.	1.147.000 kr.
Samtals:	1.250.000 kr.	1.190.000 kr.	1.147.000 kr.

04-Fræðslumál

Undir fræðslumál falla málaflokkarnir fræðslustjóri og sameiginlegir liðir, Leikskólinn Lækjarbrekka, Grunnskólinn á Hólmavík, skólaakstur og Tónskóli. Framlag til reksturs leikskóla annarra og Dreifnám.

Skólar og sameiginlegir liðir

Fræðslunefnd ætlar að funda 7 sinnum á árinu 2019. Formaður er Ingibjörg Benediktsdóttir og aðrir í nefndinni eru Steinunn Þorsteinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Marínó Þorvaldsson og Vignir Rúnar Vignisson. Samningur er við Tröppu um þjónustu fræðslustjóra og sinnir Kristrún Birgisdóttir því starfi frá árinu 2017.

Leikskólinn Lækjarbrekka

Gert er ráð fyrir að um 22 börn verði á leikskólanum í vetur og að boðið verði upp á vistun barna frá 9 mánaða aldri. Gert er ráð fyrir 8,7 stöðugildum við leikskólann. Leikskólastjóri er Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir.

Samningur er við Magnús Baldursson um sálfræðiaðstoð og við Tröppu efh. um talþjálfun í fjarkennslu. Samningur er við Café Riis vegna mötuneytis og við Fjölnet varðandi tölvu og netþjónustu.

Grunnskólinn

Gert er ráð fyrir að um 45 börn stundi nám á vorönn. 7 nemendur útskrifast í vor og a.m.k 3 nýjir nemendur byrja í skólanum í haustið 2019. Gert er ráð fyrir 16 stöðugildum við skólann næsta vetur. Á árinu 2019 mun skólaskjól og mötuneyti færast á ný í skólann og vera í umsjón skólustjóra sem er Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir.

Samningur er við Magnús Baldursson um sálfræðiaðstoð og samningur er við Tröppu efh. um talþjálfun í fjarkennslu. Samningur er við Café Riis vegna mötuneytis og við Fjölnet varðandi tölvu og netþjónustu.

Einnig er gert ráð fyrir viðhaldi á skólahúsnæði kr. 2.000.000 sem eignfærast jafnframt og þá er rætt um hönnun á nýjum inngangi auk annars viðhalds.

Skólaakstur

Um er að ræða skólabíl sem sækir börn sveitum sunnan Hólmavíkur. Skólabíllinn er í eigu sveitarfélagsins og skólabílstjóri er starfsmaður sveitarfélagsins. Einnig er keypt akstursþjónusta af Unnsteini Árnasyni.

Annar grunnskólakostnaður

Börn sem eiga lögheimili í Strandabyggð en sækja skóla annað. Hækkun hefur verið á viðmiðunarverði milli ára.

Dreifnám

Reiknað er með áframhaldandi rekstri og að starf verði óbreytt.

Tónskólinn

Gert er ráð fyrir 1,85 stöðugildum við skólann á árinu 2019-2020.

Tónskóli, önnur sveitarfélög

Gert er ráð fyrir milligöngu vegna nemenda í tónlistarnámi á miðstigi í öðrum tónlistarskólum og greiðslu v.tónlistarnáms barna í Strandabyggð sem stunda nám í Húnaþingi Vestra.

Umferðarskólinn ungir vegfarendur

Gert er ráð fyrir þátttöku í þessum sendingum á fræðsluefni til ungra barna eins og áður

Heildarniðurstaða fræðslumála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Sameiginlegir liðir	6.480.000 kr.	5.900.000 kr.	5.148.000 kr.
Leikskólinn Lækjarbrekka	63.000.000 kr.	65.100.000 kr.	64.978.000 kr.
Grunnskólinn á Hólmavík	149.000.000 kr.	133.990.000 kr.	148.828.000 kr.
Skólaakstur	7.230.000 kr.	6.350.000 kr.	5.349.000 kr.
Annar grunnskólakostnaður	2.490.000 kr.	5.720.000 kr.	4.632.000 kr.
Dreifnám á Hólmavík	2.780.000 kr.	2.600.000 kr.	2.360.000 kr.
Tónskólinn á Hólmavík	11.000.000 kr.	9.520.000 kr.	10.331.000 kr.
Aðrir tónlistarskólar	0 kr.	520.000 kr.	409.000 kr.
Umferðarskólinn	20.000 kr.	20.000 kr.	15.000 kr.
Ýmsir styrkir til fræðslumála	0 kr.		0 kr.
Samtals:	242.000.000 kr.	229.720.000 kr.	242.050.000 kr.

05-Meningarmál

Undir menningarmál falla eftirfarandi liðir: Héraðsbókasafnið á Hólmavík, menningarverðmæti, náttúruminjar, Sauðfjársetur, Byggðasafn, Steinshús, Bæjarlistaverk, Listamannaíbúð, Félagsheimili, Bæjarhátíðir, Leikfélag, kórar og önnur menning. Menningarmál tilheyra Tómsbundanefnd en kostnaður vegna hennar færast undir málaflokki 06-Æskulýðs- og íþróttamál.

Héraðsbókasafnið á Hólmavík

Málefni Héraðsbókasafns Strandasýslu voru áður í höndum Héraðnefndar Strandasýslu en hafa verið á vegum sveitarfélagsins undanfarin ár. Hluti launa starfsmanns falla undir grunnskóla og skólabókasafn. Áætluð fjárhæð til bókakaupa eru kr. 800 þúsund.

Söfn og byggðasaga

Sauðfjársetur á Ströndum er með samstarfssamning til ársins 2018 kr. 850.000 á ári. Steinshús opnaði formlega í ágúst 2015 en ekki er gert ráð fyrir styrk til þeirra enda hefur það safn ekki óskað eftir samningi. Unnið er að útgáfu ritverksins Byggðasaga Stranda í samvinnu sveitarfélaganna Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps og Árneshrepps. Stefnt er að því að bókin komi út í einhverri mynd í framtíðinni. Byggðasafnið á Reykjum fær framlag sem er fært hér. Áætlaður styrkur til Sauðfjárseturs kr. 850 þúsund og Byggðasafns kr. 800 þúsund.

Listir

Hér er skráður kostnaður vegna bæjarlistaverksins Seiðs, áætl. kr. 90 þúsund. Leikfélag Hólmavíkur er með samstarfssamning til ársins 2018 og er þar talinn húsaleigustyrkur peningastyrkur. Leikfélagið flutti geymslu sína á loftið í félagsheimilinu vorið 2017. Styrkur til kóra í heimabyggð vegna húsaleigu í félagsheimili eru áætlaðir undir þessum lið. Áætlaður styrkur til Leikfélags Hólmavíkur kr. 350 þúsund og leigustyrkir í félagsheimili til kóra og leikfélags kr. 490 þúsund.

Félagsheimili

Yfir sumarið hefur undanfarin tvö ár verið starfrækt eldunaraðstaða fyrir ferðamenn og matsalur í anddyri félagsheimilisins. Þvottaaðstaða er einnig í anddyri þetta hefur gengið vel þótt stundum þurfi að loka vegna viðburða í húsinu. Frá desember 2016 hefur salernisaðstaða verið opin allan sólarhringinn í anddyri félagsheimilisins og hefur það verið vel nýtt. Frístundaþjónusta og félagsmiðstöðin Ozon eru með rými í kjallara félagsheimilisins frá 2017.

Fjárfestingar í félagsheimili 2019 er gert er ráð fyrir kaupum á uppbyggðum, felliborðum og vögnum kr.1.500.000 sem eignfærast. Einnig er gert ráð fyrir ljósleiðaratengingu með Íþróttamiðstöð kr. 500 þúsund sem er helmingur af kostnaðarverði .

Skoða þarf leiðir til að auka tekjur af Félagsheimili t.d. með að bjóða upp á aðstöðu f. ráðstefnur og viðburði.

Bæjarhátíðir- Hamingjudagar á Hólmavík

Gert er ráð fyrir Hamingjudögum kringum 29.júní. Gert er ráð fyrir skipulagðri dagskrá á vegum sveitarfélagsins á laugardegi en að aðrir viðburðir á svæðinu verði auglýstir í samhengi og myndi hátíðina.

Heildarniðurstaða menningarmála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Héraðsbókasafn	2.520.000 kr.	2.475.000 kr.	2.201.000 kr.
Söfn	1.650.000 kr.	4.500.000 kr.	1.638.000 kr.
Listir	930.000 kr.	900.000 kr.	826.000 kr.
Félagsheimili	3.550.000 kr.	4.585.000 kr.	3.790.000 kr.
Bæjarhátíðir	1.900.000 kr.	1.890.000 kr.	2.041.000 kr.
Ýmsir styrkir og framlög	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals:	10.550.000 kr.	14.350.000 kr.	10.496.000 kr.

06-Æskulýðs og íþróttamál

Undir Æskulýðs- og íþróttamál falla eftirfarandi málaflokkar: Tómsunda-, æskulýðs- og íþróttanefnd, Frístundasvið, Leikvöllur Höfðahverfi, Vinnuskóli, Íþróttamiðstöð, Íþróttasvæði, Sparkvöllur, Geislinn, Golfklúbburinn, Skíðafélag Strandamanna og aðrir styrkir.

Aðalbjörg Sigurvaldadóttir er formaður Tómsunda-, íþrótt- og menningarnefndar en aðrir í nefndinni eru Júlíus Jónsson, Matthías Lýðsson, Jóhanna Rósmundsdóttir og Angantýr Ernir Guðmundsson . Birna Karen Bjarkadóttir er forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar. Íris Ósk Ingadóttir er tómsundafulltrúi og fer með málefni leikvalla, félagsmiðstöðvar og kemur að málefnum Vinnuskóla og æskulýðs og tómsundastarfs hjá öðrum málaflokkum.

Æskulýðs- og íþróttanefnd

Tómsunda-, íþrótt- og menningarnefnd áætla að funda 7 sinnum á árinu. Einnig er gert ráð fyrir vörukaupum kr. 30.000 v. verðlauna og viðurkenninga.

Frístundasvið

Tómsundafulltrúi sér um málefni þessa sviðs en því tilheyrir rekstur félagsmiðstöðvarinnar Ozon og umsjón sumarnámskeiða í júní fyrir 6-10 ára börn. Einnig hefur tómsundafulltrúi aðkomu að skipulagi og að hluta til umsjón með Vinnuskóla og aðstoð við Ungmennaráð. Kaldrananeshreppur hefur tekið þátt í félagsmiðstöðinni Ozon og greitt hluta í kostnaði. Félagsmiðstöðin Ozon er í Samtökum félagsmiðstöðva.

Sparkvöllur/leikvöllir

Smávægilegt viðhald er sett á þennan lið en undir hann falla málefni v. sparkvallar við skóla og leikvöll í Höfðahverfi.

Vinnuskóli

Gert er ráð fyrir að bjóða ungmendum að sækja um starf við vinnuskóla frá þrettánda ári og upp að 18 ára aldri. Mismunandi langur tími er þó fyrir hvern aldurshóp. 13 ára fær 4 tíma á dag í 2 vikur, 14 ára fær 4 tíma á dag í 4 vikur, 15 ára fær 4 tíma á dag í 6 vikur, 16 ára fær 8 tíma á dag í 8 vikur og 17 ára fá 8 tíma á dag í 10 vikur. Gert er ráð fyrir að flokkstjóri verði ráðinn til að sinna verkefnum í samstarfi við Áhaldahús og tólmstundafulltrúa og mun hann sjá um að leiðbeina yngri flokkunum í hálfu starfi en eldri árgangarnir sem starfi allan daginn séu undir verkstjórn Áhaldahúss.

Tólmstundafulltrúi og Forstöðumaður áhaldahúss þurfa að vinna náið saman að undirbúningi og skipulagi vinnuskóla. Sumarið 2018 var boðið upp á samstarf við Leikfélag Hólmavíkur og ungmendum gefinn kostur á að starfa við leiksýningar á íslensku og ensku yfir sumartímann. Samþykkt er að bjóða á ný upp á þann kost á árinu 2019 fyrir allt að 4 starfsmenn.

Ungmennahús og ungmennaráð

Ungmennahús er starfrækt í kjallara Félagsheimilis. Ungmennaráð er skipað ár hvert og fundar reglulega og a.m.k. árlega með sveitarstjórn.

Gert er ráð fyrir greiðslum f. fundi og greiðslu ferðakostnaðar v. landsþings ungmennaráðs annars vegar og ungmennahúsa hins vegar kr.150.000 og öðrum rekstrarkostnaði á ungmennahúsi/ráði td. v. Ungmennahúsa sem haldin eru 2-4 sinnum á ári.

Íþróttamiðstöð

Framundan er mikið viðhald í Íþróttamiðstöð. Lagnir eru orðnar lélegar, gufubað hefur skemmt út frá sér og hefur verið lokað og breyta þarf aðgengi að tönkum og lögnum í tækjarými í kjallara vegna þrengsla og erfiðs aðgengis. Byrjað var á lagnaframkvæmdum og lagfæringar v. gufu á árinu 2018 en á árinu 2019 er gert ráð fyrir að klára inngang í kjallara, flota sundlaugarbakka, setja nýtt efni á vaðlaug og potta og ljúka lagnavinnu. Einnig er áformað að kaupa eftirlitsmyndavélakerfi skv. öryggisstöðlum og leggja ljósleiðara í íþróttahús. Ennfremur er áætluð endurnýjun tækja í tækjasal. Framundan á næstu árum eru kaup á útisaunaklefa og á baðaðstöðu fyrir fólk með skerta getu og lagfæringar á skápum og innréttingum í búningsklefum. Ákveðið er að lækka verð á árskortum í Íþróttamiðstöð til að hvatningar og eflingar lýðheilsu frá og með 2019.

HSS

Héraðssamband Strandamanna er með styrktarsamning við sveitarfélagið (2015-2018) og fær greiddar 250.000 kr. árlega að skilyrðum uppfylltum. Einnig gert ráð fyrir bókfærðri húsaleigu í Félagsheimili og er í vinnslu að útbúa geymslupláss fyrir félagið á lofti þar.

Geislinn

Geislinn er með styrktarsamning við sveitarfélagið (2015-2018) og fær greiddar 285.000 kr árlega að skilyrðum uppfylltum. Auk þess fær Geislinn styrk í formi afnota af húsnæði Íþróttamiðstöðvar, afnot af sparkvelli við grunnskólann og afnot af íþróttavelli í Skeljavík. Leiga vegna afnota að þessum mannvirkjum er gerð upp í lok hvers árs og færð í bókhald. Gert er ráð fyrir 14 tímum á viku í Íþróttamiðstöð

Golfklúbburinn

Golfklúbburinn er með styrktarsamning við sveitarfélagið (2015-2018) og fær greiddar 250.000 kr. árlega að skilyrðum uppfylltum. Golfklúbburinn getur einnig sótt um styrk vegna fasteignagjalda árlega.

Skíðafélag Strandamanna

Skíðafélagið er með styrktarsamning við sveitarfélagið (2015 – 2018) og sem gerir ráð fyrir 230.000 kr árlega að uppfylltum skilyrðum. Einnig er styrkur í formi húsaleigukostnaðar í félagsheimili og 1 tími á viku í íþróttamiðstöð. Skíðafélagið getur einnig sótt um styrk vegna fasteignagjalda árlega.

Aðrir styrkir.

Hér undir falla ýmsir styrkir t.a.m. styrkir v. annara íþróttasamtaka íþróttastyrkir til starfsmanna sem eru kr. 10.000 á hvern starfsmann á ári.

Heildarniðurstaða æskulýðs- og íþróttamála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Tómstundanevnd	1.000.000 kr.	955.000 kr.	1.126.000 kr.
Frístundasvið	12.750.000 kr.	14.805.000 kr.	14.653.000 kr.
Leikvellir/sparkvellir	50.000 kr.	50.000 kr.	0 kr.
Vinnuskóli	3.580.000 kr.	1.835.000 kr.	2.388.000 kr.
Ungmennaráð	1.100.000 kr.	1.170.000 kr.	1.290.000 kr.
Íþróttamiðstöð	50.370.000 kr.	45.990.000 kr.	47.648.000 kr.
HSS	320.000 kr.	265.000 kr.	225.000 kr.
Geislinn	2.875.000 kr.	3.475.000 kr.	3.164.000 kr.
Golfklúbburinn	270.000 kr.	250.000 kr.	250.000 kr.
Skíðafélagið	520.000 kr.	530.000 kr.	503.000 kr.
Ýmsir styrkir og framlög	165.000 kr.	125.000 kr.	247.000 kr.
Samtals:	73.000.000 kr.	69.450.000 kr.	71.494.000 kr.

07-Bruna- og almannavarnir

Undir Bruna- og almannavarnir falla slökkvilið Hólmavíkur, almannavarnarnevnd og styrkir til Björgunarsveitar og aðrir lýðhjálpstyrkir.

Slökkvilið Hólmavíkur og slökkvibílar

Gert er ráð fyrir samningi við Dalabyggð og Reykhólahrepp varðandi sameiginlegt slökkvistjóra, slökkvilið og eldvarnareftirlit á árinu 2019. Áætlað er að halda reglulegar æfingar á árinu þar sem æfð eru viðbrögð og stjórnun tækja í samvinnu við hin sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir áframhaldandi inntöku nýrra einstaklinga í slökkviliðið á árinu um leið og aðrir hætta. Gert er ráð fyrir afhendingu á nýjum slökkvibíl strax á nýju ári. Einnig er gert ráð fyrir kaupum á 2 göllum árlega næstu 3 árin.

Almannavarnir

Ekki er gert ráð fyrir framlögum til almannavarna.

Styrkir og framlög.

Gert er ráð fyrir styrk til Björgunarsveitarinnar Dagrenningar kr.600.000. Björgunarsveitin er með styrktarsamning. Ennfremur er gert ráð fyrir styrk v.fasteignagjalda til Björgunarsveitar kr. 160.000. Einnig er húsaleigustyrkur v. lýðhjálp kr. 40.000, en um er að ræða húsaleigu í félagsheimili v. sérstakra fjáraflana. Rauði krossinn fær afnot af geymslu á lofti í félagsheimili og fær húsaleigustyrk á móti.

Heildarniðurstaða brunamála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Slökkvilið	15.100.000	15.190.000	12.305.000
Styrkir framlag	900.000	800.000	803.000
Samtals:	16.000.000 kr.	15.990.000 kr.	13.108.000 kr.

08-Hreinlætismál

Strandabyggð er með þjónustusamning við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða sem sinnir eftirliti og við Sorpsamlag Strandasýslu sem Strandabyggð á að stærstum hluta. Undir þessum lið er einnig gæludýraeftirlit og meindýraeyðing en kostnaður við vargeyðingu verður tekinn út.

Heildarniðurstaða hreinlætismála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Heilbrigðiseftirlit	650.000	975.000	662.000
Sorpeyðing og hreinsun	9.900.000	9.470.000	9.738.000
Dýraeftirlit	-50.000	55.000	-9.000
Samtals:	10.500.000 kr.	10.500.000 kr.	10.391.000 kr.

09-Skipulags-og byggingamál

Undir Skipulagsmál fellur svæðisskipulag, byggingafulltrúi og laun Umhverfis og –skipulagsnefndar.

Formaður Umhverfis- og skipulagsnefndar er Eiríkur Valdimarsson og aðrir í nefndinni eru Hafdís Sturlaugsdóttir, Jón Jónsson, Ásta Þórisdóttir og Hafdís Gunnarsdóttir. Gert er ráð fyrir 7 fundum á tímabilinu.

Aðrir kostnaðarliðir eru hönnun, deildiskipulag, aðalskipulag og kostnaður við starf byggingafulltrúa en á árinu 2019 verður unnið að gerð samnings við Dalabyggð, Reykhólahrepp og önnur sveitarfélög á Ströndum um sameiginlegan byggingafulltrúa.

Heildarniðurstaða skipulag og byggingarmála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Umhverfis og skipulagsnefnd	980.000	845.000	655.000
Skipulagskostnaður	1.700.000	2.310.000	2.346.000
Byggingaefitirlit	5.820.000	9.345.000	5.121.000
Samtals:	8.500.000 kr.	12.500.000 kr.	8.122.000 kr.

10-Götur

Hér er kostnaður vegna viðhalds gatna og gatnagerðar sem og snjómoksturs. Gert er ráð fyrir tekjum v.þjónustusamnings við Vegagerð. Gert er ráð fyrir yfirlögn slitlags á Lækjartún, Austurtún, Víkurtún, Vitabraut, Vesturtún og Miðtún að hluta. Einnig verður unnið að viðgerð og hönnun á gangstétt við Þróunarsetur. Gert er ráð fyrir 8,5 milljón kr. sem eignfærast.

Heildarniðurstaða gatnamála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Viðhald og rekstur gatna	4.370.000	3.750.000	2.580.000
Snjómokstur og hálkueyðing	4.130.000	4.750.000	3.016.000
Samtals:	8.500.000 kr.	8.500.000 kr.	5.596.000 kr.

11-Opin svæði

Hér er kostnaður vegna opinna svæða, umhverfisátaks, sláttar, Seeds, refa og minkaveiða og fl.

Sameiginlegir liðir

Ekki er gert ráð fyrir þjónustu Seeds á árinu.

Opin svæði

Sláttur er í höndum verktaka. Engu að síður er áætlaður kostnaður við þjónustukaup v. opinna svæða og alm. viðhaldskostnaður þar meðtalinn er áætlaður kostnaður við umhverfis- og stígaönnun kr. 2.000.000. Gert er ráð fyrir kostnaði v. jóla og áramóta v. tryggingu áramótabrennu og v. skógræktar-girðingar 20.000. Gert er ráð kostnaði við umhverfisátak kr. 2.500.000.

Minka- og refaveiði

Strandabyggð er með samning við verktaka í grenjavinnslu og greiðir laun vegna hennar og fyrir veidd dýr. Einnig er greitt fyrir vetrarveiði að vissu marki. Sótt er um endurgreiðslu frá Umhverfisstofnun árlega.

Heildarniðurstaða opinna svæða:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Sameiginlegir liðir - Seeds	0	250.000	-141.000
Opin svæði	9.625.000	6.270.000	4.302.000
Minka-og refaeyðing	2.375.000	1.980.000	3.107.000
Samtals:	12.000.000 kr.	8.500.000 kr.	7.268.000 kr.

13-Atvinnumál

Undir atvinnumál falla málaflokkarnir: Atvinnumálanefnd, átaksverkefni, fjallskil, fjárgirðingar, fjárveikivarnir, forðagæsla, tjaldsvæði, upplýsingamiðstöð og styrkir og framlög til ferðamála.

Atvinnumálanefnd

Formaður Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefndar sem fer með þennan málaflokk er Guðfinna Lára Hávarðardóttir. Aðrir í nefndinni eru Pétur Matthíasson, Viktoría Rán Ólafsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Barbara Ósk Guðbjartsdóttir. Áætlað er að nefndin fundi 7 sinnum á árinu.

Fjallskil

Árið 2018 var lokið við byggingu nýrrar réttar í Skeljavík en engar réttir eru í Bitrufirði né Kollafirði en réttin á Kirkjubóli var endurbyggð 2016. Rétt er á Stað í Steingrímsfirði og þarfnast hún verulegs viðhalds og mögulega nýrrar staðsetningar. Gert er ráð fyrir byggingu nýrrar réttar í Steingrímsfirði og verður unnið með bændum í Staðardal að finna nýja staðsetningu.

Tjaldsvæði

Verkis hefur verið að hanna skipulag tjaldsvæðis. Gert er ráð fyrir að útbúa grillaðstöðu á tjaldsvæði. Félagsheimili var nýtt í undanfarin sumur fyrir tjaldsvæðagesti með opnun f.eldunaraðstöðu í anddyri og gátu gestir matast þar einnig. Aðstaðan var vinsæl og vel sótt og gengur samvinna milli félagsheimilis og íþróttamiðstöðvar vel. Áhugi er fyrir því að bæta þjónustu á tjaldsvæði t.d. með internetaðgangi.

Upplýsingamiðstöð

Fyrirliggjandi er samningur við Strandagaldur ses um rekstur Upplýsingamiðstöðvar Strandabyggðar, samningstími 2015 – 2017 og samkvæmt honum greiðir sveitarfélagið árleg framlög.

Styrkir og framlög til ferðamála

Undir þennan lið falla árgjöld í Ferðamálafélag Vestfjarða.

Heildarframlög til atvinnamála:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Sameiginlegri liðir-atvinnunefnd	950.000	330.000	554.000
Fjallskil-réttir	50.000	30.000	824.000
Tjaldsvæði	-4.320.000	-4.910.000	-4.482.000
Ferðamál-Upplýsingamiðstöð	5.320.000	6.550.000	6.371.000
Samtals:	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.	3.267.000 kr.

21-Yfirstjórn**Sveitarstjórn**

Sveitarstjórn er skipuð þannig eftir óbundnar kosningar vorið 2018: Ingibjörg Benediktsdóttir oddviti, Eiríkur Valdimarsson varaoddviti, Jón Gísli Jónsson, Aðalbjörg Sigurvaldadóttir og Guðfinna Lára Hávarðardóttir. Gert er ráð fyrir 12 fundum fyrir utan vinnufundi. Gert er ráð fyrir styrkveitingum umfram styrktarsamninga að heild kr. kr. 500.000 sem sveitarstjórn úthlutar tvisvar á ári.

Kosningar

Ekki er gert ráð fyrir kosningum á árinu en Strandabyggð fær tekjur af alþingis og forsetakosningum.

Skrifstofa sveitarfélagsins

Sveitarstjóri er Þorgeir Pálsson og að auki eru 2 stöðugildi á skrifstofu. Samningar eru við eftirfarandi aðila: KPMG endurskoðun, Fjölnet, Motus, Berg lögmenn, Lánstraust, Tölvumiðlun og DK hugbúnað. Gert er ráði fyrir að taka inn nýtt launakerfi á árinu og kaupum á nýrri tölvu í afgreiðslu.

Risna, móttökur og kynningarmál

Hér er gert ráð fyrir auglýsingakostnaði.

Starfsmannakostnaður

Gert er ráð fyrir starfsmannatryggingum, jólagjöfum starfsmanna, kostnaði v.starfsdags og þjónusta Sambands sveitarfélaga v. kjarasamninga.

Vestfjarðarstofa

Hér eru færð framlög til Vestfjarðastofu.

Ýmsir styrkir og framlög

Hér eru færð framlög til Náttúrustofu Vestfjarða og árgjald Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig eru hér færðar afskriftir viðskiptaskulda og sveitarstjórnartrygging.

Heildarniðurstaða yfirstjórnar:

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Sveitarstjórn	13.565.000	9.070.000	12.508.000
Kosningar	0	300.000	-198.000
Skrifstofa Strandabyggðar	42.650.000	37.100.000	41.611.000
Kynningarmál	200.000	100.000	220.000
Starfsmannamál	1.455.000	1.590.000	1.296.000
Vestfjarðarstofa	2.600.000	3.475.000	2.547.000
Ýmsir styrkir og framlög	1.530.000	1.365.000	1.865.000
Samtals:	62.000.000 kr.	53.000.000 kr.	59.849.000 kr.

22-Lífeyrisskuldbindingar

Gert er ráð fyrir greiðslu lífeyrisskuldbindinga og auka framlagi til Lífeyrissjóðs Brúar.

Heildarframlag til lífeyrisskuldbindinga

Sundurliðun:	áætlun 2019	áætlun 2018	lokastaða 2017
Lífeyrissjóður Brú	900.000	0	15.000.000
Breyting lífeyrisskuldbindinga	3.100.000	4.500.000	2.605.000
Samtals:	4.000.000 kr.	4.500.000 kr.	17.605.000 kr.

28-Fjármunatekjur-og fjármagnsgjöld

Strandabyggð er með viðskipti í Sparisjóði Strandamanna. Gert er ráð fyrir vaxtatekjum kr. 850.000 og tekjum af eignahlutum þ.e. arði frá Brunabótafélaginu og Lánasjóði sveitarfélaga kr. 2.250.000. Gert er ráð fyrir vöxtum og verðbóttagjöldum kr. 6.150.000.

Heildarniðurstaða kr. 3.900.000

31-Eignasjóður

Eignasjóður heldur utan um rekstur eigna Strandabyggðar, hús, búnað og tæki. Eignasjóður leigir eignir sínar til deilda sveitarfélagsins og eru hér færð innri leiga, tryggingar og fasteignagjöld m.a. Allur kostnaður vegna Þróunarseturs, flugstöðvar, Skólabrautar 16 og Miðtúns 17 er færður hér en á öðrum eignum er rekstur færður í aðalsjóði.

Helstu framkvæmdir sem áætlaðar eru á árinu 2019 er viðhald á Þróunarsetri vegna tryggingamála en skipta þarf um innréttingu og gólfefni í Hnyðju vegna vatnstjóns og mála glugga að utan sölu á Skólabraut 16 á árinu

Eftirfarandi eignir eru skráðar í Eignasjóði

- Grunnskólinn
- Leikskólinn
- Íþróttamiðstöðin
- Félagsheimilið Hólmavík
- Hafnarbraut 19
- Höfðagata 3-Próunarsetur
- Slökkvistöð
- Borgabraut 6-8, Heilbrigðisstofnun
- Héraðsbókasafn
- Flugstöð
- Skólabraut 16
- Miðtún 17
- Aðrar eignir m.a. Hesthúsabraggi, Víðidalsá, óræktað land **Annar búnaður**
- Iveco Magirus slökkvibíll
- Ford Econoliner slökkvibíll
- Man nýr slökkvibíll
- Skólabíll Toyota Hi-Ace

Niðurstaða eignasjóðs er kr. 16.250.000.

28-Vaxtatekjur og verðbóttagjöld

Gert er ráð fyrir vöxum og verðbótum kr. 32.245.000 vegna afborgana lána og vaxta af skuldum við eigin fyrirtæki. Lán í eignasjóði eru 12 í árslok 2018 og lýkur afborgunum af einu þeirra á árinu 2019.

Niðurstaða vaxtatekna og verðbóttagjalda eru kr. 3.900.000

59-Þjónustumiðstöð

Að jafnaði eru tveir starfsmenn í þjónustumiðstöð sem sinna þjónustu við aðrar deildir og sinna minni háttar viðhaldi á eignum sveitarfélagsins. Yfir sumartíman er ráðið sumarfólk og einnig eru starfsmenn með umsjón með vinnuskóla meðan á honum stendur. Rekstur þjónustumiðstöðvar færir að mestu leiti á aðrar deildir þ.e. millifærð innri vinna. Þjónustumiðstöð á 3 bifreiðar Izuzu D-max, Toyota pallbíl og Ford Transit bifreið með litlum krana. Þjónustumiðstöð er með 1 bílalán sem uppgreiðist árið 2021.

Heildarkostnaður á Þjónustumiðstöð eru áætlaðar kr. 5.000.000

61-Hólmavíkurhöfn

Strandabyggð rekur Hólmavíkurhöfn. Hafnarskilyrði eru góð á Hólmavík og smábátaútgerð skiptir miklu máli fyrir atvinnulífið á staðnum. Á Hólmavík starfar einnig ein fullkomnasta rækjuverksmiðja landsins, Hólmadrangur. Hafnavogin er opin 8 - 17 alla virka daga og bakvakt er til 22 virka daga og frá 8 - 20 á

helgum og öðrum frídögum. Hægt er að athuga með vigtnun á öðrum tímum og greiðir þá kaupandi vigtnunar 4 tíma í útkall. Hafnarstjóri er Þorgeir Pálson og vinnu við vigtnun sinna starfsmenn þjónustumiðstöðvar. Á árinu 2019 er skv. samgönguáætlun ríkisins kostnaður Strandabyggðar vegna stálþils á höfn kr. 5 milljónir og einnig er áætlað að koma upp eftirlitsmyndavélakerfi á hafnarsvæði. Heildarfjárfestingar kr. 7 milljónir og er gert ráð fyrir lántöku hjá Hólmavíkurhöfn vegna þessa. Höfnin er með eldra lán sem verður uppgreitt árið 2033..

Heildarkostnaður á Hólmavíkurhöfn eru áætlaðar kr. 3.000.000

63-Vatnsveita

Strandabyggð rekur Vatnsveituna á Hólmavík. Vatnsöflun er úr Ósá og borholu í Kálfanesi. Allt vatn er geislað. Á árinu er áætlað að byggja dælustöð og setja dælu til að auka afköst innanbæjar m.a til að tryggja nægjanlegt vatnsmagn til Hólmadrangs. Vatnsveitan er með lán frá árinu 2016 sem verður uppgreitt árið 2033. Áætlaður heildarkostnaður við fjárfestingar eru kr. 8.000.000.

Heildartekur Vatnsveitu eru áætlaðar kr. 1.700.000

65-Sorpsamlag Strandasýslu

Strandabyggð greiðir um 75% kostnað af rekstri Sorpsamlags og ber því að færa þá eignsem B-hluta fyrirtæki samkvæmt bókhaldsreglum.

Heildartekjur eru áætlaðar kr. 1.500.000.

67-Veitustofnun Strandabyggð rekur Veitustofnun Strandabyggðar og er tilgangur hennar að halda utanum rekstur vegna lagningu ljósleiðara og rannsóknir og undirbúning vegna hitaveituframkvæmda. Áætlað er að halda áfram könnun á langingu hitaveitu og framkvæmdum við lagningu ljósleiðara og er komið að bæjum í Ísafjarðardjúpi að fá tengingu. Áætlaðar framkvæmdir eru allt að kr. 13.000.000. Einnig er áætlað að ganga frá samningi um sölu á ljósleiðara sunnan Hólmavíkur á árinu.

Heildarniðurstaða í áætlun eru tekjur upp á kr. 4.000.000

69-Fráveita Strandabyggð rekur fráveitukerfi Strandabyggðar og sér um hreinsun og frágangsmál. Samningur er við Holræsahreinsun sem sér um rotþróarlosun á þriggja ára fresti skv. áætlun. Lán er áhvílandi á Fráveitu vegna gatnaframkvæmda 2016 og er það uppgreitt á árinu 2030.

Heildartekjur Fráveitu eru áætlaðar kr. 100.000.

71-Félagslegar íbúðir Félagslegar íbúðir í eigu Strandabyggðar eru 3 eða Lækjartún 16,18 og 20 en Austurtún 8 og Víkurtún 9 voru seldar á síðasta ári. Gert er ráð fyrir minniháttar viðhaldi á íbúðunum.

Heildartekjur Félagslegra íbúða er áætlaðar kr. 350.000